# *Úrræðalisti Arnarbergs*



# *2025-2026*

# Úrræðalisti Arnarbergs

Unnið samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældarbarna 2021 nr.86 og þrepaskiptan stuðning samkvæmt menntastefnu stjórnvalda til 2030. Úrræðalistanum er skipt upp í samræmi við fimm grunnstoðir farsældar barna.

**1.þrep – almenn úrræði**

Á fyrsta þrepi er almennt starf (grunnþjónusta) leikskólanna sem hefur það að megin markmiði að mæta þörfum margbreytilegs barnahóps. Í því getur t.d. falist að umhverfi leikskólanna sé gert myndrænt, að dagskipulagið geri ráð fyrir daglegri málörvun, eflingu á sjálfshjálp og félagsfærni og að efniviður til leiks sé fjölbreyttur og aðgengilegur fyrir alla. Athuganir/skimanir sem gerðar eru á öllum börnum í leikskólum Hafnarfjarðar tilheyra einnig fyrsta þrepi (*Orðaskil*, *Hljóm-2* og *TRAS*).

**2.þrep – snemmtæk úrræði**

Á öðru þrepi er auknar forvarnir eða snemmtækur stuðningur sem er ætlaður börnum í áhættuhópi. Þar er inngripum beitt meðal smærri hópa nemenda til viðbótar við grunnþjónustu á fyrsta þrepi það gæti verið málörvunarhópar, litlar samverur, flæðilestur og fleira. Samtal í Farsældarteymi hefst.

**3.þrep – einstaklingsmiðuð úrræði**

Stuðningi á þriðja þrepi er ætlað að mæta börnum með umfangsmeiri stuðningsþarfir, þar sem úrræðin eru orðin enn einstaklingsmiðaðri. Á þriðja þrepi fer meiri teymisvinna af stað innan skólans og samráð fagaðila mikilvægt t.d. deildarstjóri, sérkennslustjóri og sérkennari. Ef kortlagning á þriðja þrepi bendir til þess að barn þurfi einstaklingsúrræði þá er stuðningsteymi virkjað og einstaklingsnámskrá gerð. Frekari úrræðalausnir ræddar í Farsældarteymi.



**Menntun** - færni og áhugi, líðan í skóla

Atriði sem gott er að hafa í huga þegar við metum stöðu barns í þessum þætti:

- hvort barni líki vel í skólanum og finnist gaman
- hvort barn upplifi sig tilheyra í skólanum
- hvort barn sýni aldurssvarandi færni
- hvort barn sýni framfarir í því sem er verið að vinna með
- hvort barn geti leitað til fullorðins í skólanum
- hvort barn njóti sín í útiveru og vettvangsferðum

### Úrræði leikskóla á fyrsta stigi:

| | Skimun/athugun | Úrræði | Framkvæmd |
|---|---|---|---|
| **1.þrep** (almenn grunnþjónusta) | • Orðaskil (2ja og 3ja ára)<br>• TRAS (öll börn frá 2ja ára)<br>• Hljóm-2 (elstu börnin) | • Leikur<br>• Myndrænt dagskipulag á öllum deildum<br>• Sjónrænar vísbendingar í ákveðnum aðstæðum<br>• Hópstjórar<br>• Börnum skipt í minni hópa<br>• Málörvun í öllum aðstæðum<br>• Daglegur lestur<br>• Lubbi finnur málbein<br>• Lærum og leikum með hljóðin.<br>• Málörvunarnámskrár til foreldra og starfsfólks<br>• Foreldrasamtöl og fræðsla | • Allt starfsfólk vinnur með málörvun í leik og starfi.<br>• Hópstjórar hafa yfirsýn á börnin í sínum hópi ásamt deildarstjórum.<br>• Deildarstjórar fylla út TRAS fyrir hvert barn 2x á ári.<br>• 3 starfsmenn eru með réttindi á Hljóm-2<br>• Starfsfólk getur nýtt Widgit Online eða Orðaleik fyrir myndrænt skipulag og sjónrænar vísbendingar.<br>• Sérkennslustjóri býr til aldursskiptar málörvunar-námskrár fyrir öll börn.<br>• Deildastjórar sjá um foreldrasamtöl og fræðslu ásamt sérkennslustjórar ef þarf. |
| **2.þrep** (snemmtæk úrræði) | • Bjargir, Snemmtæk íhlutun<br>• Smábarnalistinn<br>• Íslenski þroskalistinn | • Málörvunarhópar<br>• Gefðu 10<br>• Félagsfærni sögur<br>• Orðabók barnsins<br>• Boðskiptakippur<br>• Brúarsmiðir<br>• Samtal í Farsældarteymi | • 2 starfsmenn eru með réttindi á Smábarnalistann og Íslenska þroskalistann.<br>• Sérkennslustjóri eða deildarstjórar vinna félagsfærni.<br>• Leikskólastjóri, aðstoðar leikskólastjóri og sérkennslustjóri sitja í brúarteymi ásamt deildarstjóra þess barn sem fjallað er um. |
| **3.þrep** (einstaklings-miðuð úrræði) | • Smábarnalistinn<br>• Íslenski þroskalistinn<br>• AEPS<br>• Gerd Strand<br>• AAL | • Einstaklingsnámskrá<br>• Einstaklingsþjálfun<br>• PECS<br>• Atferlisþjálfun<br>• Úrræðalausnir í Farsældarteymi<br>• Unnið eftir leiðbeiningum talmeinafræðings | • 2 starfsmenn eru með réttindi á AEPS og fylla út listann í samstarfi með þeim sem þekkir barnið best.<br>• Sérkennslustjóri gerir einstaklingsnámsskár, í samstarfi með þeim sem þekkir barnið best, útfrá AEPS o.fl. gögnum.<br>• Útreikningar skimunarlista eru í höndum sérkennslustjóra.<br>• 1 starfsmaður er með þekkingu á PECS<br>• 2 starfsmenn hafa lokið námskeiði í atferlisþjálfun. |

**Annað:**

*Snemmtæk íhlutun í hnotskurn – bók*
*Orðatorg - vefir.mms.is*
*Orðaleikur -* Orðaleikur
*Tal og mál - Forsíða - Tal- og málörvun*
*Myndaþema (nybildetema) – Myndaþema-Fjöltyngismyndaorðabók*
Heilsuvera - Forsíða Heilsuveru

## Úrræði sveitarfélags á öðru stigi:

*Talmeinaþjónusta – ráðgjöf og greining (Bláa blaðið) fræðsla (Rauða blaðið)*
*Sálfræðiþjónusta – ráðgjöf og greining (Bláa blaðið) fræðsla (Rauða blaðið)*
*Kennslufulltrúi leikskóla – ráðgjöf og fræðsla (Rauða blaðið)*
*Kennslufulltrúi fjölmenningar – ráðgjöf og fræðsla (Rauða blaðið)*

**Þáttaka og félagsleg tengsl -** virkni, samfélagsleg áhrif, skjátími, vinátta

Það sem við getum haft í huga þegar við metum stöðu barns í þessum þætti er t.d.:

- hvort barni þyki gaman að leika við vini
- hvort barn eignist auðveldlega vini
- hvort barn eigi góðan vin
- hvort barn sé virkur þátttakandi í skólastarfinu
- hvort barn upplifi sig einmana
- hvort skjátími barns sé hóflegur

## Úrræði leikskóla á fyrsta stigi:

| | **Skimun/athugun** | **Úrræði** | **Framkvæmd** |
|---|---|---|---|
| **1.þrep** (almenn grunnþjónusta) | TRAS (öll börn frá 2ja ára) | • Myndrænt dagskipulag á öllum deildum<br>• Sjónrænar vísbendingar<br>• Blær<br>• Stig af stigi/lífsleikni (Töfrastund með elstu börnum)<br>• Núvitund<br>• Barnasáttmálinn<br>• Leikur<br>• Hópastarf<br>• Vettvangsferðir í nærumhverfi<br>• Foreldrasamtöl og fræðsla | • Starfsfólk deildar er til staðar í leik og samskiptum og styður við ef þarf.<br>• Deildarstjórar fylla út TRAS fyrir hvert barn 2x á ári.<br>• Starfsfólk nýtir Widgit Online eða Orðaleik fyrir myndrænt skipulag og sjónrænar vísbendingar.<br>• Unnið er með Blæ í stökum stundum á deild ásamt því að flétta hann inn í daglegt starf.<br>• Þættir barnasáttmálans fléttast inn í daglegt starf leikskólans.<br>• Sérkennslustjóri spjallar við elstu börnin í Töfrastund 1x í viku.<br>• Deildastjórar sjá um foreldrasamtöl og fræðslu ásamt sérkennslustjóra ef þarf. |
| **2.þrep** (snemmtæk úrræði) | AHA-skráningar | • Félagsfærnihópar<br>• Félagsfærnisögur<br>• Tilfinningaspjöld<br>• Sérhæfðar bækur um tilfinningar, félagsfærni, kvíða o.fl.<br>• Gefðu 10<br>• Brúarsmiðir<br>• Samtal í Farsældarteymi | • Starfsfólk deildar býr til leikaðstæður fyrir lítinn hóp og styður við félagsleg samskipti.<br>• Sérkennslustjóri eða annað starfsfólk setur saman einstaklingsmiðaðar félagsfærnisögur. Hægt að sækja í gagnagrunn á Teams.<br>• Hópstjóri les reglulega félagsfærnisögur með barninu.<br>• Gera tilfinninga- eða slökunarspjöld sýnileg á deild og ræða um þau þegar erfiðleikar koma fram.<br>• Brúarsmiðir kallaðir til ef þarf stuðning í tengslum við menningu og fjölbreytileika. |
| **3.þrep** (einstaklings-miðuð úrræði) | AEPS<br>AAL<br>Gerd Strand | • Einstaklingsnámskrá<br>• Úrræðalausnir í Farsældarteymi | • 2 starfsmenn eru með réttindi á AEPS og fylla út listann í samstarfi með þeim sem þekkir barnið best.<br>• Sérkennslustjóri gerir einstaklingsnámsskár, í samstarfi með þeim sem þekkir barnið best, útfrá AEPS o.fl. gögnum.<br>• Útreikningar skimunarlista eru í höndum sérkennslustjóra. |

**Annað:**

- Týndu stelpurnar!
- ADHD samtökin
- *Hugleiðsla og slökun fyrir börn (Storytel)*
- Hjálp fyrir kvíðin börn (handbók fyrir foreldra)

**Úrræði sveitarfélags á öðru stigi:**

Klókir litlir krakkar (Bláa blaðið)
PMTO (Bláa blaðið)
Sálfræðiþjónusta – ráðgjöf og greining (Bláa blaðið) fræðsla (Rauða blaðið)
Kennslufulltrúi leikskóla – ráðgjöf og fræðsla (Rauða blaðið)
Kennslufulltrúi fjölmenningar – ráðgjöf og fræðsla (Rauða blaðið)
Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags – fræðsla (Rauða blaðið)

**Öryggi og vernd** - ofbeldi, vanræksla, áhættuhegðun, einelti

Það sem við getum haft í huga þegar við metum stöðu barns í þessum þætti er t.d.:

- býr barn við öruggar heimilisaðstæður
- ofbeldi – heimilis, kynferðis
- lendir barnið í útistöðum í leikskólanum
- hefur barn orðið fyrir einelti

**Úrræði leikskóla á fyrsta stigi:**

| | Skimun/athugun | Úrræði | Framkvæmd |
|---|---|---|---|
| **1.þrep** (almenn grunnþjónusta) | AHA-skráningar (Athugun á hegðun) | • Árvekni varðandi heimilisaðstæður<br>• Eftirlit með líðan barna<br>• Blær<br>• Stig af stigi/lífsleikni (Töfrastund með elstu börnum)<br>• Barnasáttmálinn<br>• Ég veit - Stopp ofbeldi<br>• Foreldrasamtöl og fræðsla | • Deildarstjóri á samtal við foreldra ef áhyggjur vakna.<br>• Starfsfólk deildar skrifar niður ef eitthvað stingur í stúf varðandi umönnun, aðbúnað og/eða atferli barns.<br>• Starfsfólk deildar er meðvitað um hættu á árekstrum og skrá þá á AHA- skráningarblað. Sem deildarstjóri og sérkennslustjóri rýna saman og leita lausna.<br>• Unnið er með Blæ í stökum stundum á deild ásamt því að flétta hann inn í daglegt starf.<br>• Þættir barnasáttmálans fléttast inn í daglegt starf leikskólans.<br>• Sérkennslustjóri spjallar við elstu börnin í Töfrastund 1x í viku. |
| **2.þrep** (snemmtæk úrræði) | | • Eineltisáætlun leikskólans<br>• Brúarsmiðir<br>• Foreldrasamtöl og fræðsla | • Ef aðstæður lagast ekki, boðar deildastjóri foreldra á fund, ásamt leikskólastjóra eða tengilið farsældar. |
| **3.þrep** (einstaklings-miðuð úrræði) | | • Stuðningur og eftirfylgni í samtali við forsjáraðila | • Ef aðstæður lagast ekki, boðar deildastjóri foreldra á fund, ásamt leikskólastjóra eða tengilið farsældar. |

**Annað:**

- Námskeið fyrir starfsmenn - Námskeið fyrir fagfólk | Barna- og fjölskyldustofa
- Tengslaraskanir og einhverfurófið

**Úrræði sveitarfélags á öðru stigi:**

Sálfræðiþjónusta – ráðgjöf og fræðsla (Rauða blaðið)
Kennslufulltrúi leikskóla – ráðgjöf og fræðsla (Rauða blaðið)
Kennslufulltrúi fjölmenningar – ráðgjöf og fræðsla (Rauða blaðið)
Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags – fræðsla (Rauða blaðið)
Málstjóri (Bláa blaðið og beiðni um samþættingu þjónustu)
Félagsleg ráðgjöf (mínar síður - Innskráning | Hafnarfjörður)

**Úrræði á þriðja stigi:**

Barnaverndartilkynning

**Lífsgæði og félagsleg staða** - efnisleg gæði, fjölskyldulíf

Það sem við getum haft í huga þegar við metum stöðu barns í þessum þætti er t.d.:

- fjárhagur fjölskyldu
- aðstæður barns heimafyrir
- tilfinningalegur stuðningur fjölskyldu
- skilnaður foreldra – stjúpforeldrar
- einstætt foreldri
- missir (foreldri, systkini, ástvinur)

**Úrræði leikskóla á fyrsta stigi:**

| | Skimun/athugun | Úrræði | Mannauður |
|---|---|---|---|
| **1.þrep** (almenn grunnþjónusta) | | • Árvekni varðandi heimilisaðstæður<br>• Eftirlit með líðan barna<br>• Foreldrasamtöl og fræðsla | • Deildarstjóri á samtal við foreldra ef áhyggjur vakna.<br>• Starfsfólk deildar skrifar niður ef eitthvað stingur í stúf varðandi umönnun, aðbúnað og/eða atferli barns. |
| **2.þrep** (snemmtæk úrræði) | | • Foreldrasamtöl og fræðsla<br>• Sérhæfðar barnabækur og bækur fyrir starfsfólk á skrifstofu sérkennslustjóra | • Deildarstjóri boðar forelda og tengilið farsældar á fund. |
| **3.þrep** (einstaklings-miðuð úrræði) | | • Stuðningur og eftirfylgni í samtali við forsjáraðila.<br>• Áfallaáætlun leikskólans | • Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri/tengiliður farsældar eru í áfallateymi skólans |

**Annað:**

- Sorg barna – Sorgarmiðstöð
- Samvinna eftir skilnað https://www.sesfamily.com/is/is
- Börn og sorg (Sigurður Pálsson) (bók)
- Stjúptengsl (sálfræðistofa)
- **Heilsuvera - Forsíða Heilsuveru**

**Úrræði sveitarfélags á öðru stigi:**

Samvinna eftir skilnað (mínar síður - Innskráning | Hafnarfjörður)
Félagsleg ráðgjöf (mínar síður - Innskráning | Hafnarfjörður)
Málstjóri (Bláa blaðið og beiðni um samþættingu þjónustu)

**Úrræði á þriðja stigi:**

Barnaverndartilkynning

**Heilsa og vellíðan -** líkamleg heilsa, andleg heilsa

Það sem við getum haft í huga þegar við metum stöðu barns í þessum þætti er t.d.:

- sýnir barn aldurssvarandi viðbrögð við mótlæti
- sjálfskaðahegðun
- upplifir barn kvíða/depurð
- er barnið glatt og ánægt
- kvartar barnið um þreytu eða verki (höfuðverk, magaverk)
- tannheilsa
- bólusetningar
- svefn

**Úrræði leikskóla á fyrsta stigi:**

| | Skimun/athugun | Úrræði | Framkvæmd |
|---|---|---|---|
| **Þrep 1** (almenn grunnþjónusta) | | • Íþróttatímar<br>• Núvitund<br>• Börn hvött til að smakka allan mat<br>• Börnin frædd um hollan mat<br>• Heilsuvika<br>• Tannverndarvika<br>• Stig af stigi/lífsleikni (Töfrastund með elstu börnum) | • Allt starfsfólk deilda<br>• Sérkennslustjóri sér um töfrastund með elstu börnum 1x í viku. |
| **Þrep 2** (sértæk úrræði) | Gerd Strand | • Brúarsmiðir<br>• Hópaþjálfun<br>• Foreldrasamtöl og fræðsla | • Útreikningar skimunarlista eru í höndum sérkennslustjóra. |
| **Þrep 3** (einstaklings-miðuð úrræði) | AEPS | • Unnið eftir leiðbeiningum sjúkraþjálfara eða iðjuþjálfa | • 2 starfsmenn eru með réttindi á AEPS og fylla út listann í samstarfi með þeim sem þekkir barnið best. |

**Annað:**

- Heilsugæsluskoðanir (18m, 2,5ára,4ára skoðanir)
- Heilsuvera - Forsíða Heilsuveru
- Sjúkraþjálfari
- Storytel – Hjálp fyrir kvíðin börn

**Úrræði sveitarfélags á öðru stigi:**

Sálfræðiþjónusta – ráðgjöf og greining (Bláa blaðið) fræðsla (Rauða blaðið)
Klókir litlir krakkar (Bláa blaðið)
Kennslufulltrúi leikskóla – ráðgjöf og fræðsla (Rauða blaðið)

**Úrræði á þriðja stigi:**

Barnaverndartilkynning